

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Giljahverfis, 4. áfanga, Vættagil 18-24.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 1. september 2009 í samræmi við. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Giljahverfi, 4. áfanga.

Breytingin felur í sér að á lóð nr. 18-24 við Vættagil stækkar byggingarreitur viðbygginga um 1,5 m til suðurs og verður heimilt að reisa þar garðskála með 3 m hámarkshæð.

Deiliskipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 11. september 2009,*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. september 2009